# Hagsjá - Gjaldeyrismarkaðurinn

**Hagfræðideild Landsbankans**
4. mars 2021

# Krónan styrktist í febrúar

*Í lok febrúar stóð evran í 152,9 krónum í samanburði við 156,1 í lok janúar og styrktist krónan því. Gengisvísitalan lækkaði (krónan styrktist) um 1,9%. Bæði velta og flökt var svipað og í janúar. Seðlabankinn hélt áfram reglulegri sölu á gjaldeyri.*

Í febrúar styrktist íslenska krónan gagnvart gjaldmiðlum allra helstu viðskiptalanda okkar. Í lok mánaðarins stóð evran í 152,9 krónum í samanburði við 156,1 krónur í lok janúar, Bandaríkjadalur stóð í 126,2 krónum í samanburði við 129,0 krónur í lok janúar.

| 28.2.2021 | | YTD | 1M | 3M | 12M |
|---|---|---|---|---|---|
| GVT | 197,8 | -1,3% | -1,7% | -3,5% | 7,6% |
| EUR | 152,9 | -2,0% | -2,0% | -3,8% | 9,8% |
| USD | 126,2 | -0,8% | -2,2% | -4,9% | -0,1% |
| GBP | 175,6 | 1,2% | -0,2% | -0,8% | 7,9% |
| DKK | 20,6 | -2,0% | -2,0% | -3,8% | 10,3% |
| NOK | 14,7 | -1,5% | -0,8% | -2,4% | 9,8% |
| SEK | 15,1 | -3,1% | -2,0% | -3,5% | 15,5% |
| CHF | 139,2 | -3,6% | -3,8% | -5,1% | 6,3% |
| JPY | 1,19 | -3,8% | -3,9% | -6,9% | 2,2% |

Heimild: Seðlabanki Íslands

***Veltan dróst saman milli mánaða***

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri var 28,8 ma.kr. (186 m.evra) í febrúar og dróst saman um 11% milli mánaða. Þar af var hlutdeild SÍ 10,2 ma.kr. (66 m.evra), sem var 36% af heildarveltunni.

Auk reglulegrar sölu á 3 m.evrum hvern viðskiptadag greip SÍ inn í markaðinn einn dag í febrúar, en þriðjudaginn 2. febrúar seldi SÍ 6 m.evra auk reglulegrar sölu.

Seðlabankinn hefur tilkynnt um áframhald á reglulegri sölu til og með marsmánaðarloka.

**Gengisþróun**




Síðasta dags. 28.2.2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Það sem af er ári hefur íslenska krónan styrkst á móti gjaldmiðlum flestra viðskiptalanda okkar.




Síðasta dags. 28.2.2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Velta á gjaldeyrismarkaði í febrúar var 28,8 ma.kr. (186 m.evra). Hlutdeild Seðlabankans var 36%.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. febrúar 2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Fyrir utan reglulega sölu greip SÍ einu sinni inn á markað í febrúar. Þann 2. febrúar seldi hann 6 m.evra auk reglulegrar sölu.




Síðasta dags. 28.2.2021
Heimild: Seðlabanki Ísland

Flöktið á íslensku krónunni í febrúar var svipað og í janúar.




Mánaðarleg gögn, síðasta dagsetning febrúar 2021.
Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar Hagfræðideildar

Gjaldeyrisforðinn lækkaði um 70 m.evra. í janúar.




Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 31.1.2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mæld á föstu gengi, hækkuðu um 3,4 ma.kr. (1,4%) í janúar.




Staða í lok mánaðar, allar tölur á föstu gengi (31.1.2021)
Heimild: Seðlabanki Íslands

4.362 erlendir gestir fóru um Leifsstöð í janúar.




Heimild: Ferðamálastofa

Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 96% milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. janúar 2021
Heimild: Ferðamálastofa

Án skipa og flugvéla var 5,6 ma.kr. halli af vöruviðskiptum við útlönd í janúar.




Síðasta dags. jan. 2020
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 7,2 ma.kr. í janúar.




Síðasta dags. jan. 2020
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raungengi miðað við verðlag var 9,2% lægra í febrúar en í sama mánuði 2020.




Síðasta dags. feb. 2021. Feb 2021 eru útreikningar Hagfræðideildar
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Framlag gengisbreytinga til tólf mánaða breytingar á raungengi í febrúar er -8,6 prósentustig, framlag innlendra verðbólgu er 4,1 prósentustig.




Síðasta dags. feb. 2021. Feb 2021 eru útreikningar Hagfræðideildar
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar